

41. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Þjónustuhúsi Hengifoss 4.2. 2025, kl. 9:00

Mætt eru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Mætt undir lið 1. kl: 9:15 frá Landsvirkjun: Ólafur Arnar Jónsson forstöðumaður Nærsamfélags og náttúru, Árni Jóhann Óðinsson verkefnisstjóri Nærsamfélags og náttúru og Sindri Óskarsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöð. Mættur undir lið 2. Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar kl: 10:50.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun skýrsla
2. Gunnarsstofnun skýrsla
3. Orkusalan og Bessastaðaá
4. Þjónustumiðstöð Hengifoss
5. Skipulagsmál
6. Ársreikningur almannavarna
7. Fundargerðir:
 - a. Skipulags-og byggingarnefndar 3. 2.2025
 - b. Brunavarna á Héraði 17.1.2025
 - c. Samtaka orkusveitarfélaga 17.1.2025
8. Skýrsla sveitarstjóra
9. Önnur mál:

1. Landsvirkjun skýrsla

Ársskýrsla vegna 2024 kynnt. Rætt um helstu framkvæmdir á árinu 2024 og fyrirhugaðar framkvæmdir á árinu 2025. Gestir véku af fundi kl: 10:30.

2. Gunnarsstofnun skýrsla

Skúli Björn fór yfir verkefni þjónustusamnings Gunnarsstofnunar. Umsóknir og skýrsugerð v. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og Upphéraðsklasa, Búsetuminjaverkefnið og umsókn í Fornminjasjóð til rannsóknar á Pálsseli á Gilsárdal. Skúli Björn situr í stjórn Skógarafurða f.h. sveitarfélagsins og fór hann yfir helstu verkefni þar. Hann vék af fundi kl: 12:00.

3. Orkusalan og Bessastaðaá

Sveitarstjórn samþykkir að sveitarstjóri vinni drög að viljayfirlýsingu með lögmanni sveitarfélagsins.

4. Þjónustumiðstöð Hengifoss

Sveitarstjórn samþykkir að tillaga að útboðsgögnum um veitingarekstur í salnum verði unnin af verkefnastýru þjónustuhússins og faghóps um uppbyggingu við Hengifoss. Sveitarstjórn leggur áherslu á að rekstur staðarins verði innan fjárhagsáætlunar staðarins. Jafnframt þarf í útboðsgögnum að skilgreina upplýsingaþjónustu og veitingasölu.

Samningi við Vatnajökulsþjóðgarð verði haldið óbreyttum. Skoða þarf hvort ráða eigi starfsmann með Helgu yfir álagstíma og þá að búa til vaktaskipulag og hafa opið um helgar.

5. Skipulagsmál

Oddviti sem jafnframt er formaður byggingar- og skipulagsnefndar fór yfir bókun og afgreiðslu nefndarinnar í fundargerð hennar frá 3.2.2025 lið 4. Hamborg, deiliskipulag, umsögn Minjastofnunar Íslands.

Að loknum umræðum um málið staðfesti sveitarstjórn fyrrgreinda bókun skipulags- og byggingarnefndar og samþykkti deiliskipulag íbúðabyggðar í Hamborg með þeim viðbótum og breytingum sem þar eru lagðar til sbr. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur viðbætur og breytingar ekki breyta auglýstri tillögu í grundvallaratriðum sbr. 4. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins falið að uppfæra deiliskipulagsgögnin til samræmis og senda Skipulagsstofnun.

6. Ársreikningur almannavarna

Kynnt.

7. Fundargerðir:

a. Skipulags-og byggingarnefndar 3. 2.2025

Landsvirkjun, endurbygging stoðveggjar við inntak Ufsarstíflu, samþykkt.

Sauðagull, umsókn um stöðuleyfi matarvagns við Hjarðarból, samþykkt.

Hamborg, deiliskipulag, umsögn minjastofnunar, samþykkt að uppfæra greinargerð með deiliskipulagstillögu sem nánar er tilgreint í umræddri fundargerð.

Að öðru leyti telst fundargerðin kynnt.

b. Brunavarna á Héraði 17.1.2025

Kynnt.

c. Samtaka orkusveitarfélaga 17.1.2025

Kynnt.

8. Skýrsla sveitarstjóra

Helgi fór yfir helstu mál.

9. Önnur mál

Bréf frá Landbótasjóði verður tekið til afgreiðslu á næsta sveitarstjórnarfund.

Málefni Minjasafns Austurlands rædd og Jóhanni F. Þórhallssyni og sveitarstjóra falið að koma athugasemdum á framfæri við safnið í samræmi við umræður sveitarstjórnar um málið.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl: 13:30

Halla ritaði fundargerð í tölvu.

Anna Jóna Árnarsdóttir

Halla Auðunardóttir

Jóhann F. Þórhallsson

Kjartan Benediktsson

Lárus Heiðarsson oddviti